

SUMARDAGSKRÁ 2021

Yfirstandandi samsýning á HönnunarMars í Gallerí Gróttu



Marcher
Tanunnö
Design

HUGGULEGT LÍF MEÐ LÚKA – Brynhildur Þórðardóttir sýnir umhverfisvænan og sjálfbæran húsbúnað. Vörurnar eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum á borð við birki, eik, ull og pappír en einnig stáli, steypu og gleri.

MAGAMÁL - Helga Hrönn Þorleifsdóttir og Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir sýna keramiklínu sína sem unnin er úr svörtum leir með innblástur frá íslenskrí náttúru og veðráttu. Þetta eru handunnin og handmáluð matarílát sem samanstanda af diskum, skálum, fötum og bökkum ýmiskonar.

Sýningin stendur til 5. júní 2021



Sumarlestur 1. júní – 31. ágúst

Komdu á bókasafnið og skráðu þig í sumarlestur!

Bókasafnið stendur fyrir lestrarátaki í allt sumar og eru börn á aldrinum **5-12 ára** hvött til að taka þátt. Börnin fá sérstaka **lestrardagbók** þar sem hægt er að halda utan um lesturinn og við hverja bókasafnsheimsókn er stimplað í bókina. Að auki er hægt að fylla út og skila inn **lestrarHAPPAmíða** fyrir hverja lesna bók. Úr miðunum er dregið alla föstudaga og nokkrir heppnir lesendur fá **verðlaun** í hvert sinn.


Sumarlestri lýkur með uppskeruhátíð þar sem veittar verða viðurkenningar og verðlaun!



Sýningaropnanir í sumar í Gallerí Gróttu



10. júní - Árni Árnason opnar ljósmyndasýningu Úrval mynda af algengum fuglum í íslenskrí náttúru.



26. ágúst - Sigurður Angantýsson Hólm myndlistamaður opnar sýningu Stórbrotin landslagsverk.



Verið velkomin

Breytt barna- og unglíngadeild

Velkomin að eiga notalega stund í barna- og unglíngadeild safnsins með kósý sófum, teikniborði og nýju flæði á milli svæða.



FÖSTUDAGINN 28. MAÍ LOKAR SAFNIÐ KL.13 VEGNA STARFSMANNADAGS.

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17.

Lokað á laugardögum í sumar (júní, júlí, ágúst)

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn
Seltjarnarness**